



Borgarstjórnin í Reykjavík

SKJALAVER HÖFDATORGI	
15. MAÍ 2020	
Málsnr:	2020050003
Bréталыk. II	0.0

Reykjavík, 13. maí 2020
R20050128
óm

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð

Tjarnargötu 11
105 REYKJAVÍK

Tillaga Aldísar Lóu Benediktsdóttur, fulltrúa ungmennaráðs Breiðholts um að ungmennahús verði starfrækt í öllum hverfum Reykjavíkur fyrir ungmenni á aldrinum 16-20 ára

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 12. maí 2020 var lögð fram svohljóðandi tillaga Aldísar Lóu Benediktsdóttur, fulltrúa ungmennaráðs Breiðholts :

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að tryggja fjármagn til skóla- og frístundasviðs til að allar frístundamiðstöðvar í Reykjavík geti haft að lágmarki eitt ungmennahús í hverju hverfi fyrir ungmenni á aldrinum 16-20 ára eigi síðar en á fjárhagsárinu 2021.

Greinargerð:

Í nágrannasveitarfélögum okkar eru ungmennahús starfrækt við góðan orðstír. Mörg þessara sveitarfélaga eru svipuð að stærð eða jafnvel minni þegar kemur að íbúafjölda en eitt meðalstórt hverfi í Reykjavík. Af hverju er þjónusta við þennan hóp minni í Reykjavík en í nágrannasveitarfélögum okkar? Í stefnu Reykjavíkurborgar um frístundaþjónustu til 2025 kemur fram að koma þurfi til móts við þarfir 16+ hópsins um frístundaþjónustu í hverfum borgarinnar. Ungmennaráð Breiðholts leggur því til að fjármagn verði tryggt til þess að frístundamiðstöðvar geti veitt þessa þjónustu.


Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs.

Athygli er vakin á því að **tillagan var ekki samþykkt á fundinum** og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.

Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísi Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði.

Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af menningar-, íþróttá- og tómstundaráði fyrir þann tíma.



Helga Björk Laxdal

e.u.